

26. fundur Skólaráðs haldinn 9.maí 2018 kl.15:00

Mætt eru Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri, Hulda Karlsdóttir og Rósa Hlín Óskarsdóttir fyrir hönd foreldra, Birta Huld Halldórsdóttir og Samúel Örn Erlingsson fyrir hönd kennara, Lovísa Sigurðardóttir sem situr fyrir hönd annars starfsfólks. Lena Ósk Guðlaugsdóttir og Hekla Steinarsdóttir fulltrúar nemenda. Berglind Kristinsdóttir fyrir hönd grenndarsamfélagsins. Særún Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Málefni nemenda. Allir mjög ánægðir með úrslit Skólahreysti, mikið fjör á leiðinni í rútunni en allir þreyttir og sælir á heimleiðinni. Samúel sagði frá góðum meðmælum sem liðið frá Grunnskólanum Hellu fékk frá starfsmönnum RÚV, liðið væri einstaklega samheldið, liðsandi góður og framkoma til fyrirmyndar. Berglind minnti á húfur sem Litla lopusjoppa ætlar að gefa liðsmönnum og þjálfurum. Fram undan er útskriftarferð 10.bekkjjar.
2. Farið yfir úrvinnslu nemenda á punktum sem þeir fengu úr niðurstöðum skólapúlsins bæði frá samvinnufundi nemenda frá því í sept.og punktum sem nemendur áttu að vinna með umsjónarkennurum sínum og fengu sent í janúar og varðaði niðurstöður skólapúlsins frá því í okt.2018. Einungis voru sendar niðurstöður frá tveim bekkjum. Við ætlum okkur að halda áfram með svona lýðræðislega vinnu næsta vetur innan bekkjanna og reiknum því með betri heimtum þegar fram líða stundir.
3. Farið yfir niðurstöður Skólapúlsins/ foreldrakönnun.
4. Farið yfir drög að umbótaáætlun skólans fyrir næsta skólaár.
5. Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri Brekkuskóla á Akureyri hefur verið í sambandi við Særúnu vegna meistaraþrófsverkefnis sem hún er að vinna varðandi innra mat. Á árunum 2013 -2017 hafa einungis þrír skólar á Íslandi fengið grænt ljós á alla þá sex þætti sem liggja undir við ytra mat Menntamálastofnunar og er skólinn okkar einn af þeim. Jóhönnu langar að skoða hvort þessir þrír skólar séu að ná þessum árangri með ákveðnum starfsháttum og þá hverjum. Hún óskar því eftir að fá að hitta m.a. skólaráð Grunnskólans Hellu vegna þess að þar nær hún til foreldra, kennara, stjórnenda, annars starfsfólks og nemenda. Dagsetning þessa fundar er þriðjudagurinn 29.maí. og verður tímasetning auglýst síðar.
6. Önnur mál.
  - a)Sigurgeir sagði frá athugasemd varðandi skóladagatalið sem borist hefur frá stjórn Odda bs. Athugasemdin snýr að starfsdögum skólans sem ekki eru á sömu dögum og starfsdagar Heklukots. Sigurgeir telur að þar sem skólinn er þrjár annir séu þrír af starfsdögum skólans tengdir annarskilum. Á fjórða starfsdeginum er kennaraþing. Skólinn er tilbúinn að færa fimmta starfsdaginn (29.mars 2019) til samræmis við starfsdag Heklukots sem er áætlaður 26.apríl 2019.
  - b)Skólaráð krefst þess að Sigurgeir fari með eftirfarandi bókun á fund Odda bs. „Hafist verði handa við undirbúning á stækkun húsnæði Grunnskólans Hellu án tafar því þrengsli hamla faglegu skólastarfi“.
  - c)Umræða um lengd á matartíma og stærð matarskammta þ.e. hvort þeir eru í takt við aldur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundir slitið kl. 16:50

Særún Sæmundsdóttir